

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 2018 í máli nr. S-4/2018:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)

gegn

Þórði Juhasz

(Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 8. mars sl., er höfðað með ákæru útgefinni af héraðssaksóknara 4. janúar 2018 á hendur Þórði Juhasz, kennitala [...], [..., ...], fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa að kvöld til í ágúst 2016, sótt A, fædd [...], að söluturni skammt frá [...], ekið með hana á afvikinn stað í [...] og þar í aftursæti bifreiðarinnar, kysst stúlkuna og látið hana hafa við sig munnmök en ákærði nýtti sér yfirburðarstöðu sína gagnvart stúlkunni vegna aldurs- og þroskamunar og þess að hún var stödd ein með honum fjarri öðrum, auk þess sem hann tók um höfuð hennar og ýtti henni niður að limi sínum er hún reyndi að hætta munnmökunum.

Brot ákærða eru talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu B, fyrir hönd ófjárráða dóttur hans, A, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 3.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. september 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns úr hendi ákærða.

Ákærði neitar sök. Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hann þess að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi, ellegar að bætur verði lækkaðar. Loks krefst hann þess að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði felldur á ríkissjóð.

Samkvæmt gögnum málsins sendi félagsþjónusta [...] lögreglu beiðni 9. og 11. janúar 2017 um að fram færi rannsókn á ætluðum kynferðisbrotum gagnvart brotþola. Á sama tíma var þess óskað að skýrsla yrði tekin af brotþola í Barnahúsi. Grunur beindist á því stigi að ákærða sem geranda í málinu. Faðir brotþola mætti síðan á lögreglustöð 20. febrúar 2017 og lagði fram kæru á hendur

ákærða fyrir kynferðisbrot. Lýsti hann því að í desember 2016 hafi komið upp atvik hjá móður brotþola og hafi lögregla verið kölluð til. Í framhaldi hafi verið farið með brotþola að Stuðlum. Næsta dag hafi faðirinn verið boðaður á fund hjá félagsráðgjafa þar sem hann hafi fengið tilkynningu um ætluð brot. Lýsti hann því að mikil breyting hafi orðið á hegðun brotþola í ágúst 2016. Hún hafi farið að leita í slæman félagsskap og neyslu fíkniefna. Vanlíðan væri í gangi og breytingar á tilfinningalegri hegðun. Hann hafi komið að henni grátandi og hún hafi hætt að sinna skólanum almennilega.

Ákærði var boðaður í skýrslutöku 24. febrúar 2017. Í þágu rannsóknar málsins fór fram húsleit á heimili ákærða 27. febrúar 2017. Þann 15. mars 2017 var skýrsla tekin af brotþola í Barnahúsi. Ákærði var aftur boðaður í skýrslutöku hjá löreglu 3. apríl 2017. Loks gaf ákærði skýrslu hjá löreglu 30. júní 2017.

Við húsleit á heimili ákærða lagði lögregla hald á tölvubúnað í eigu ákærða. Við leit í tölvu fannst m.a. excel skjal, sem stofnað hafði verið 19. janúar 2014. Fram kemur að því var síðast breytt 27. nóvember 2016 og að eigandi skjalsins sé ákærði. Skjal þetta er á meðal rannsóknargagna málsins. Þar er að finna skrá um nöfn einstaklinga og hvaða ár þeir séu fæddir. Þá eru kynferðislegar athafnir færðar inn í skjalið við hvern og einn einstakling. Sími brotþola var skoðaður undir rannsókn málsins. Í ljós komu umfangsmikil Snapchat-samskipti á milli ákærða og brotþola. Eru samskipti þessi á meðal gagna málsins.

Ákærði skýrði svo frá við aðalmeðferð málsins fyrir dómi að hann hafi á árinu 2016 kynnst stúlku á samfélagsmiðlum. Hún hafi sagt að hún hétí [...] og væri 16 ára. Þau hafi talað saman og rætt um kynferðislega atburði. Þau hafi ákveðið að hittast í framhaldi og gera eitthvað. Hafi þau talað um að stúlkan myndi hafa munnmök við ákærða. Ákærði hafi sótt stúlkuna að söluturni [...]. Þaðan hafi ákærði ekið upp í [...]. Stúlkan hafi litið út fyrir að vera 16 ára gömul. Hún hafi veitt ákærða munnmök í bifreiðinni. Þau hafi farið í aftursæti bifreiðarinnar og afklæðst. Ákærði hafi ekki skynjað annað en að allt væri gert með vilja stúlkunnar. Hann hafi snert stúlkuna á meðan á munnmökum stóð en ekki lagt á hana hendur né þvingað hana til munnmaka. Ákærði hafi lokið sér af og klætt sig. Hann hafi ekið stúlkunni aftur á þann stað er hann hafi sótt hana. Á leiðinni til baka hafi hún sagt að hún hétí ekki [...] heldur A og væri 14 ára. Honum hafi brugðið. Hann hafi reynt að gleyma atburðinum og ekki hitt stúlkuna aftur eftir þetta. Hún hafi engu að síður verið í sambandi við hann á samfélagsmiðlum. Þar hafi hún beðið ákærða um tiltekna hluti. Ákærði hafi ávallt svarað stúlkunni á þann veg að hann hefði beðið hana um meira en hún hefði viljað. Hafi ákærði vitað um þau mörk stúlkunnar. Með því hafi hann viljað ljúka þessum samskiptum en hann hafi hins vegar ekki viljað

loka endanlega á samskipti þeirra til að styggja hana ekki. Hann hafi verið hræddur.

Er það var borið undir ákærða að framburður hans hjá lögreglu hefði verið á annan veg lýsti hann því að hann hefði á þeim tíma viljað að málið væri ekki til og verið bæði óruggur og hræddur. Framburður hans hjá lögreglu hafi því ekki verið réttur. Ástæða fyrir breyttum framburði væri ekki sú að lögregla hefði fundið gögn í tölvu ákærða sem tengt hefðu hann við brotaþola. Ákærði kvaðst hafa tekið saman upplýsingar um þær stúlkur er hann hefði átt í kynferðislegum samskiptum við. Væri það excel skjal sem væri á meðal gagna málsins. Ákærði hafi sett inn upplýsingar um brotaþola, m.a. aldur hennar, eftir að hann hefði hitt stúlkuna uppi í [...]. Tilgangurinn með umræddu skjali hafi verið að muna eftir þeim stúlkum sem hann hefði átt í samskiptum við. Ákærði kvaðst ekki hafa kannast við þetta skjal hjá lögreglu. Hann hafi einfaldlega neitað öllu.

Sem fyrr greinir var framburður ákærða hjá lögreglu nokkuð á annan veg en framburður hans fyrir dómnum. Af þeim ástæðum er ástæða til að gera að nokkru leyti grein fyrir framburði ákærða hjá lögreglu. Ákærði gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu föstudaginn 24. febrúar 2017. Er borin var undir ákærða kæra á hendur honum og nafn brotaþola kvaðst hann ekki kannast neitt við brotaþola. Hann hefði aldrei heyrt nafn hennar né umgengis hana. Er borið var undir hann að brotaþoli hefði átt í samskiptum við hann á samfélagsmiðlum og hitt hann í [...] í ágúst 2016 kvaðst hann ekki kannast neitt við það og aldrei hafa hitt neinn í [...]. Er ákærði var spurður um afstöðu sína til þess að framkvæmd yrði húsleit á heimili hans lýsti hann því yfir að það yrði ekki gert nema að undangengnum úrskurði héraðsdóms.

Ákærði gaf á ný skýrslu hjá lögreglu mánudaginn 3. apríl 2017, að undangenginni húsleit á heimili ákærða. Hann lýsti því aftur að hann kannaðist ekki við brotaþola. Framburður brotaþola í Barnahúsi var borinn undir hann og kvaðst hann ekki kannast neitt við málið. Þá kannaðist ákærði ekki við að hafa átt í Snapchat samskiptum við stúlku með aðganginn [...]. Hann var spurður að því hvort hann kannaðist við að hafa haldið til haga upplýsingum um kynferðisleg samskipti við stúlkur í excel skjali. Hann kvaðst ekki kannast við það. Honum var bent á að skjalið hefði fundist í tölvu hans. Eftir sem áður sagðist hann ekki kannast við skjalið né við upplýsingar um brotaþola í skjalinu.

Ákærði gaf í þriðja sinn skýrslu hjá lögreglu föstudaginn 30. júní 2017. Sem fyrr sagðist hann ekki kannast neitt við brotaþola eða það tilvik sem væri til rannsóknar. Þá kannist hann ekki við það excel skjal sem lögregla hafi fundið í tölvu hans. Loks voru borin undir ákærða samskipti sem ljósmynduð höfðu verið upp úr Snapchat-samskiptum í síma brotaþola. Hann kvaðst ekki kannast við að hafa átt þessi samskipti við brotaþola.

Brotapoli gaf skýrslu í Barnahúsi 15. mars 2017. Hún greindi frá því að hún hafi kynnst ákærða í ágúst 2016 í gegnum samskiptamiðilinn Snapchat. Hafi ákærði sennilega „addað“ brotapolu frá öðru „snappi“. Brotapoli hafi notað nafnið [...] á miðlinum. Þau hafi verið í samskiptum í einhverjar tvær vikur og rætt um að hittast og „gera hluti“. Brotapoli hafi samt ekki verið tilbúin í það þar sem hún hafi aldrei gert neitt slíkt áður. Hafi ákærði haft frumkvæðið að því að gera þessa hluti, sem hafi átt að snúast um kynlífsathafnir. Hann hafi viljað hafa samfarir við brotapolu en hún neitað því. Hún hafi síðan látið til leiðast að hitta hann. Hún hafi verið heima hjá ömmu sinni í [...] og hafi ákærði sótt hana þangað. Hann hafi vitað aldur hennar en hann hafi í gegnum Snapchat spurt hana um aldur hennar. Hún hafi sagst vera „[...] módel“. Í fyrstu hafi ákærði ekki vitað nafn hennar. Hann hafi ekið bifreið sinni upp í [...]. Þangað hafi þau verið komin um miðnættið. Hann hafi lagt bifreiðinni afsíðis þar sem enginn hafi verið. Henni hafi líðið illa og verið farið að líða illa á leiðinni í bifreiðinni. Þau hafi farið í aftursæti bifreiðarinnar og ákærði byrjað að kyssa hana. Þá hafi hann reynt að fara inn á hana en ekki tekist það. Á meðan ákærði hafi kysst hana hafi hann klætt sig úr fötum og farið úr öllum fötunum. Þá hafi hann klætt hana úr peysu, bol og brjóstahaldara. Hann hafi sett hendi hennar á læri sitt við kynfæri sín. Brotapoli hafi síðan haft við hann munnmök og haldið um höfuð hennar. Þegar hún hafi ætlað að stoppa hafi ákærði alltaf haldið þannig um höfuð hennar að hún hafi ekki getað hætt og næstum verið búin að æla. Athafnirnar í bílnum hafi tekið um hálf tíma til fjörtíu mínútur. Ákærði hafi að lokum fengið sáðlát. Þegar þessu lauk hafi hann klætt sig í föt og hún gert slíkt hið sama. Ákærði hafi því næst ekið henni að þeim stað er hann hafi tekið hana upp. Eftir þetta atvik hafi ákærði verið í nokkrum samskiptum við hana í ágúst 2016. Hún kvaðst hafa greint frá þessu atviki er hún hafi verið á Stuðlum í janúar 2017. Hún lýsti því að hún hafi verið hrædd í [...] með ákærða.

Faðir brotapolu lýsti því að brotapoli hafi farið á Stuðla í janúar 2017. Félagsráðgjafi hafi rætt við brotapolu en þá hafi hún lýst því að ákærði hefði brotið gegn sér. Faðirinn hafi ekki fengið nákvæma lýsingu á atvikinu, sem hafi átt að eiga sér stað í ágúst 2016. Í janúar 2017 hafi faðirinn upplifað mikla breytingu á líðan brotapolu. Eins hafi jólin árið 2016 verið mjög erfið og hafi hún verið með sjálfsskaðahegðun. Hún hafi farið að skera sig og tekið lyf til að skaða sig. Hafi þurft að fjarlægja allt af heimilinu. Í framhaldi hafi þau fengið aðstoð frá barnaverndaryfirvöldum. Er atvikið hafi átt sér stað hafi brotapoli dvalið hjá móður, en þar hafi hún verið til loka árs 2016. Haustið 2016 hafi farið að bera á vandamálum hjá brotapolu. Allt árið 2017 hafi hún síðan dvalið hjá föður sínum og svo flutt aftur til móður um áramótin 2017 til 2018. Brotapoli hafi glímt við slæmar minningar og hitt sálfræðing vegna þeirra. Enn séu til staðar einhverjir erfiðleikar

hjá brotaþola og hún fengið bakslög. Í þeim tilvikum hafi hún leitað í slæman félagsskap og sýnt áhættuhegðun. Hún hafi þá notað fíkniefni og áfengi.

Móðir brotaþola kvaðst í janúar 2017 hafa fengið upplýsingar um að brotaþoli hafi orðið fyrir kynferðisbroti. Brotaþoli hafi þá verið á Stuðlum. Upplýsingarnar hafi komið í gegnum fulltrúa barnaverndar og hafi brotaþoli lítillaga lýst atvikinu. Móðirin kvað brotaþola hafa farið að sýna sjálfsskaðahegðun eftir ágúst 2016. Eins hafi hún farið að nota fíkniefni. Móðirin hafi ekki fyrr en eftir að upplýsingar hafi legið fyrir í janúar 2017 tengt þá breyttu hegðan við þennan atburð. Miklar breytingar hafi orðið á líðan brotaþola haustið 2016. Hún hafi lokað sig af og einangrað sig og ekki langað að lifa. Brotaþoli hafi flust til föður síns á árinu 2017. Hún hafi áfram verið í rugli og viljað koma aftur til móður sinnarog komið til baka í desember 2017. Brotaþoli hafi enn ekki jafnað sig til fulls. Hafi hún til að mynda farið á BUGL í febrúar 2018 og verið þar í 2 daga.

Amma brotaþola kvað brotaþola hafa gist heima hjá sér nótt eina í ágúst 2016. Hafi brotaþoli farið út að reykja. Þegar hún hafi komið til baka hafi hún verið skelkuð. Hafi amman ekki skipt sér sérstaklega að því. Mikil breyting hafi orðið á líðan brotaþola frá þeim tíma. Hafi hún orðið döpur og ekki svarað þegar til hennar hafi verið talað. Þá hafi hún grennst mikið. Líðan hennar væri betri í dag.

Félagsráðgjafi lýsti því að hann hafi verið á bakvakt í janúar 2017 þegar lögregla hafi haft samband vegna brotaþola. Hafi félagsráðgjafinn farið á staðinn og verið kominn um kl. 2.00 um nóttina. Brotaþola hafi verið haldið niðri. Í framhaldi hafi verið tekin ákvörðun um að fara með brotaþola á Stuðla. Næsta dag hafi félagsráðgjafinn rætt við brotaþola og hún þá sagt frá atvikinu í [...]. Fram hafi komið að brotaþoli hafi ekki sagt frá því atviki áður.

Sálfræðingur er ritað hefur vottorð vegna brotaþola gerði grein fyrir viðtölum við hana og atriðum tengdum líðan hennar. Í viðtölum hafi komið fram einkenni sem hafi bent til þess að brotaþoli hafi orðið fyrir kynferðisbroti. Hún hafi mælst mjög hátt á kvarða um áfallastreituröskun og kvíða og hafi tengt einkenni við það atvik sem ákært væri fyrir í þessu máli. Brotaþoli hafi misst sjálfsvirðingu og sjálfstraust. Einstaklingar sem þannig væri ástatt fyrir væru oft útsettir fyrir eldri einstaklingum. Tekist hafi að vinna nokkuð vel með mál hennar og töluverðar framfarir hafi orðið. Það hefði orðið bakslag vegna aðalmeðferðar málsins fyrir dómi. Brotaþoli sýndi áhættuhegðun þegar henni liði illa. Hún væri samt dugleg og vildi ekki vera í neyslu fíkniefna. Hún hafi rætt um annað atvik sem hún hefði upplifað. Hefði hún ekki talið það atvik hafa haft mikil áhrif á sig. Það væri samt sem áður hluti af áfallastreitumati. Hafi sjálfsskaði brotaþola byrjað eftir atvikið í ágúst 2016. Brotaþoli væri nokkuð hávaxin miðað við aldur en væri hins vegar barnsleg í fasi og framkomu.

Lögreglumenn er unnu að rannsókn málsins komu fyrir dóminn og staðfestu þátt sinn í rannsókninni.

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot gagnvart brotþola. Er honum gefin að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn barni með því að hafa ekið með brotþola á afvikinn stað í [...] og þar í aftursæti bifreiðar kysst brotþola og látið hana hafa við sig munnmök. Er ákærða gefið að sök að hafa nýtt sér yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni vegna aldurs- og þroskamunar og þess að hún var stödd ein með honum fjarri öðrum, auk þess sem honum er gefið að sök að hafa tekið um höfuð hennar og ýtt henni niður að lim sínum er hún reyndi að hætta munnmökum. Er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök. Fyrir dómi hefur ákærði staðhæft að kynferðislegar athafnir ákærða og brotþola hafi verið með samþykki brotþola. Hafi brotþoli lýst því að hún væri 16 ára gömul. Hafi hún tekið þátt í athöfnum af fúsum og frjálsum vilja.

Við mat á sök er til þess að líta að mjög mikið misræmi er í framburði ákærða hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Hjá lögreglu vildi ákærði hvorki kannast við atvikið, brotþola eða gögn sem fundust við leit í tölvu ákærða. Var framburður hans í grundvallaratriðum á annan veg fyrir dómnum. Hefur ákærði ekki, að mati dómsins, gefið viðhlítandi skýringar á þessum breytta framburði sínum. Þá hefur ákærði skýrt skilaboð, er hann hefur fyrir dómnum viðurkennt að hafa sent brotþola, á þann hátt sem ekki er trúverðugt, þegar litið er til innihalds þeirra skilaboða er liggja fyrir í málinu. Ákærði hefur staðhæft að brotþoli hafi upplýst um raunverulegan aldur sinn þegar munnmökum hafi verið lokið. Hafi ákærða brugðið og hann orðið hræddur. Hafi hann ekki viljað eiga frekari samskipti við brotþola. Þessar staðhæfingar ákærða eru ótrúverðugar þegar litið er til þessara samskipta þar sem hann, eftir atvikið, ítrekað leitar eftir kynferðislegum samskiptum við brotþola. Með vísan til alls þessa er framburður ákærða einkar ótrúverðugur um meginatriði málsins. Verður ekki á honum byggt í niðurstöðu málsins.

Brotþoli hefur á móti verið trúverðug í framburði sínum. Hefur hún lýst atvikum á greinargóðan hátt og er ekki að fegra sinn þátt í málinu. Þegar framburður hennar er virtur fer ekki milli mála að brotþoli hefur upplifað sig bjargarlausu með ákærða, til muna eldri manni, á afviknum stað fjarri mannabyggð. Tekin var skýrsla af brotþola í Barnahúsi, í hljóði og mynd, og er skýrslan á meðal gagna. Myndskeið af brotþola styðja þann framburð sálfræðings, er kom fyrir dóminn, að brotþoli sé fremur barnsleg í fasi og framkomu. Brotþoli var nýlega

orðin 14 ára er atburðurinn átti sér stað. Hún hefur staðhæft að hún hafi gert ákærða grein fyrir aldri sínum áður en til hinna kynferðislegu athafna kom. Sá framburður brotaþola er trúverðugur. Að auki gat ákærði ekki gengið þess dulinn að brotaþoli var einungis barn að aldri er brotið átti sér stað. Ákærði nýtti sér yfirburðastöðu sína vegna aldurs- og þroskamunar og þess að hún var ein með honum fjarri öðrum. Þannig beitti ákærði brotaþola ólögmati nauðung. Þá verður lagt til grundvallar að ákærði hafi þvingað brotaþola til munnmaka með því að halda höfði hennar og ýta því niður á getnaðarlim sinn. Með þessari háttsemi sinni neyddi ákærði brotaþola til kynferðislegra athafna. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur [...]. Ákærði var í héraðsdómi dæmdur í 12 mánaða fangelsi 29. maí 2008 fyrir brot gegn 215. og 219. gr. laga nr. 19/1940. Var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 6. nóvember sama ár. Þá var hann 9. október 2009 dæmdur í 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. laga nr. 19/1940. Síðastgreinda brotið hefur ítrekunaráhrif í þessu máli sbr. 205. gr. laga nr. 19/1940. Brot ákærða er alvarlegt og beinist að mikilsverðum hagsmunum. Á hann sér engar málsbætur. Með hliðsjón af því, sbr. og 1., 3., 7. og 8. tl. 1. mgr. 70 gr. laga nr. 19/1940, er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 4 ár.

Af hálfu lögráðamanns brotaþola er gerð krafa um að ákærði greiði brotaþola 3.500.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum. Ákærði hefur með ólögmati og saknæmri háttsemi sinni valdið brotaþola miska. Í málinu liggur fyrir vottorð sálfræðings er leiðir í ljós töluverðan miska hjá brotaþola. Með hliðsjón af því vottorði og atvikum málsins að öðru leyti eru miskabætur ákveðnar 1.600.000 krónur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt yfirliti, málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanna brotaþola, sem nánar greinir í dómsorði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Héraðsdómarnir Símon Sigvaldason, Krístrún Kristinsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir kveða upp þennan dóm.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þórður Juhasz, sæti fangelsi í 4 ár.

Ákærði greiði B, fyrir hönd ófjárráða dóttur hans, A, 1.600.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 1. september 2016 til 16. febrúar 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 1.682.230 krónur í sakarkostnað, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, 1.032.920 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmanns, 293.570 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola á rannsóknarstigi, Helgu Völu Helgadóttur lögmanns, 295.740 krónur.

Símon Sigvaldason
Kristrún Kristinsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir